



3. FUNDUR MIÐSTJÓRNAR HALDINN FÖSTUDAGINN 4. JÚNÍ 1999.

FUNDARGERÐ:

Dagskrá:

1. Undirbúningur kjarasamninga
2. Þróun verðlagsmála
- 3 Skipulagsmál
4. Tryggingamál ASÍ
5. Framkvæmdir í orlofsmálum.
6. Önnur mál.

Formaður setti fundinn Kl 14.00

1. Undirbúningur kjarasamninga:

Ákv. var að fresta áætluðum fundum v/undirbúnings fyrir kjarasamninga þyrfti að fresta fram á haust þar sem staðan í þjóðfélaginu væri svo óljós á þessari stundu að ekki væri hægt að leggja fram neina ákveðna stefnu.

Þróun launa hefur verið skoðuð af starfsmönnum RSÍ eftir yfirlýsingar Þórarins V. Þórarinssonar um að launþegar væru búnir að taka út allar kauphækkningar sem mögulegar væru í formi launaskriðs. Í ljós kom að þetta átti ekki við fastlaunasamninga, þar þyrftu að koma til verulegar launabætur í komandi kjarasamningum.

2. Þróun verðlagsmála:

Vegna yfirlýsinga um þróun verðagsmála kom fram að RSÍ hefur enga sérstöðu vegna þeirra, en styður vinnu ASÍ í þeim málum.

3. Skipulagsmál:

GG greindi frá því að á miðstjórnarfundi ASÍ 2. júní hafi lítið verið rætt um skipulagsmál en Grétar hafi sagst vera að vinna í málinu.

Túlkun RSÍ á lögum ASÍ hefur verið staðfest með greinargerð lögmanns ASÍ. Makalaust væri að spurningum RSÍ sem beint hefði verið til ASÍ væri ekki svarað og ekki kæmi fram neinn vilji inna ASÍ að taka þátt í neinni málefnalegri umræðu um málið, einungis væri um að ræða útúrsnúninga og hrokafullar yfirlýsingar sem oft á tíðum væru í engu samræmi við það mál sem til umræðu væru. Drög að bréfi til Grétars Þorsteinssonar forseta ASÍ voru lögð fram og samþykkt var að senda það.

Fram kom að á RSÍ fundunum um allt land höfum við fengið mikinn stuðning við framgöngu okkar vegna deilunnar um skipulagsmál ASÍ en einnig hafa þær skoðanir komið skýrt

fram að við ættum að yfirgefa ASÍ hið fyrsta.

4. Tryggingamál ASÍ:

Undirbúningur vegna fjölskyldutrygginga innan ASÍ eru í fullum gangi. Guðmundur Hilmarsson framkvæmdarstjóri undirbúningsfélagsins kom á fundinn og kynnti stöðu mála.

5. Framkvæmdir í orlofsmálum:

Orlofnefndin hefur staðið í uppgræðslu á Klaustri og Lóni. Nokkrar umræður voru um hvaða stefnu ætti að taka varðandi stærð orlofshúsa og kom fram að rætt hafi verið við verktakann á Klaustri um frekara samstarf. Kröfur um að pottar verði settir upp við húsin í Lóni hafa komið fram þar sem húsin eru töluvert langt frá sundlaug. Kaupa þurfti lítinn traktor með sláttuvél fyrir aðstöðuna við Apavatn, Jón Þór Kristmannsson tilnefndur í stjórn Ölfusborgum. Þar eru fjármál í ólestri og þarf að reiða fram um 193.000 Kr á hús til að greiða áfallnar skuldir. Hitaveita fyrir Svignaskarð er í biðstöðu.

6. Önnur mál:

Fram komu fyrirspurnir um reikninga skyldra félaga svo sem Rafiðnaðarskóla og eftirmenntunarsjóða. Staða eftirmenntunarsjóða kemur fram í reikningum RSÍ frá lögendurskoðendum. En Rafiðnaðarskólinn er rekinn í samvinnu við SART og reikningar afgreiddir á aðalfundumskólans.

Farið var yfir atvinnustöðu Kosóvans em er hér sem skjólstaðingur RSÍ. Ákveðið að han fengi vinnu hjá RSÍ við endurbætur á orlofshúum þar til hann fengi vinnu hjá rafverktökum, en hann er í íslenskunámi hálfan daginn sem takmarkar stöðu hans á vinnumarkaði.

Fundi slitið kl 16:00. Haukur Ágústsson.